

SORPA bs.

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 21. janúar 2020

v / stækkun móttökustöðvar – framvinda

Verktaki (ALEFLI ehf. sem valin var eftir útboð) hóf framkvæmdir þann 22.maí. Jarðvinnu er að mestu lokið, fyrir utan yfirborðsfrágang. Sögun á skástifum er lokið. Búið er að leggja nánast alla steypu nema smávægilegt við frágang untanhúss. Heildar framvinda verks í lok desember var miðað við áætlaða stöðu og verkmagn 90%. Framkvæmdir hafa gengið vel og var húsinu lokað í desember. Búið er að greiða reikninga fyrir nóvember og hluta af desember.

Magnaukning vegna jarðvinnu, steypu, bendistáls, viðbótar malbikun, breyting á innkeyrslu og stoðveggur er áætluð á þessu stigi 18,7 mkr. Ekki eru fyrirsjáanleg frekari magnaukningar á öðrum magnliðum eða stórar breytingar á umfangi verks og gert er ráð fyrir að þekktar magnaukningar rúmist innan kostnaðaráætlunar. Heildarkostnaður verks er áætlaður um 390 milljónir króna án vsk en þar af eru um 10% ófyrirséður kostnaður (óvissa í áætlun -5% - +10% eða 371 – 429 mkr.).


Útlagt vegna verkefnisins er sem hér segir:

Mánuður	Útgjöld, m. kr.
Frá áramótum til loka apríl 2019	29,2
Maí	27,6
Júní	44,2
Júlí	51,1
Ágúst	45,0
September	59,2
Október	43,6
Nóvember	32,3
Desember*	20,4
SAMTALS	352,6

*Bráðabirgðatölur

Í fyrri framvinduskýrslum var kostnaður í maí talinn 4,5 milljónir en á með réttu að vera 27,6 milljónir en komið hefur í ljós að gatnagerðargjöld voru ekki inn í samtölu yfirlits. Smávægilegur munur er síðan á uppgefnum tölum í júní og júlí af sömu ástæðu og vegna leiðréttinga. Ofangreind áfallin útgjöld eru vegna hönnunar, útboðs, eftirlits, gatnagerðargjalda og framkvæmda við byggingu. Bókfærður kostnaður vegna þessa þann 31. desember 2019 er 352,6 mkr. eða 90% af ofangreindri áætlun (sjá greinargerð frá 2. september 2019).

Virðingarfyllst,


Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri